

Því úrskurðast:

Kröfum Sjafnar h/f er hafnað.

Sóknaraðili fær greiddar af uppboðsverði v/b Sjafnar, VE 37, kr. 95.366.63 með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1966 til greiðsludags, kr. 12.100.00 í málskostnað, kr. 100.00 í dómsbirtingarkostnað, kr. 30.00 í endurritskostnað, kr. 1.740.00 í fjárnámskostnað, kr. 500.00 fyrir mót við uppboð.

Þá greiði varnaraðili, Sjöfn h/f í Vestmannaeyjum, sóknaraðilja kr. 10.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. júní 1970.

Nr. 58/1969. Söfnunarsjóður Íslands

(Sigurður Ólason hrl.)

gegn

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gísur Bergsteinsson og Logi Einarsson og Magnús Thoroddsen borgardómari.

Lögtaksgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Halldór Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfélagans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. marz 1969 og krefst þess, að lögtak, sem hjá honum var gert 24. febrúar 1969, verði úr gildi fellt og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest, en til vara, að hún verði staðfest til tryggingar kr. 4.812.00. Í báðum tilfellum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Á árinu 1966 gerðu skattstjórnarvöld áfrýjanda að greiða kr. 72.00 í slysatryggingagjald og kr. 1.008.00 í lífeyristryggingagjald. Þá var áfrýjanda gert á árinu 1967 að greiða kr. 70.00 í slysatryggingagjald, kr. 980.00 í lífeyristryggingagjald og kr. 1.146.00 í launaskatt. Á árinu 1968 var áfrýjanda gert að greiða kr. 70.00 í slysatryggingagjald, kr. 1.400.00 í lífeyristryggingagjald og kr. 1.146.00 í launaskatt.

Stefndi mun hafa krafizt þess, að gert yrði lögtak í eignum áfrýjanda til tryggingar gjöldum þessum ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Gísli Símonarson, fulltrúi yfirborgarfélagetans í Reykjavík, tók lögtaksbeiðnina til meðferðar í félagetadómi Reykjavíkur 30. ágúst 1968. Er þá skráð í félagetabók, að engar eignir hafi fundizt hjá áfrýjanda, og er gerðinni lokið.

Halldór Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfélageta, tók lögtaksbeiðni stefnda aftur til meðferðar í félagetadómi Reykjavíkur 24. febrúar 1969, sem háður var í skrifstofu áfrýjanda. Í þingbók er skráð:

„Af hálfu gerðarpóla er mættur í réttinum að tilhlutan félageta Sigurður Briem, gjaldkeri gerðarpóla, og skoraði félageti á mætta að greiða umkrafín gjöld, en hann/hún kveðst ekki geta greitt þau. Skoraði félageti þá á mætta að benda á eignir gerðarpóla til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir mætta að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir félagetaréttinum.

Var þá skrifað upp:

Ein reiknivél Frieden, rafknúin, og ein reiknivél Odhner, einnig rafknúin.

Árangurslaus félagetagerð frá 30. ágúst 1968 fellur niður. Fallið er frá virðingu.

Félageti lýsti yfir því, að hann gerði lögtak í framangreindum eignum gerðarpóla til tryggingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi félageti fyrir mætta að tilkynna gerðarpóla lögtakið og að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekná á nokkurn þann

hátt, er færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum. Fleira ekki tekið fyrir.

Gerðinni lokið.

Rétti slitið.

Halldór Sigurgeirsson, fulltrúi.

Vottur:

Halldór J. Þórarinnsson“.

Í yfirlýsingu Sigurðar J. Briems 26. maí 1970 segir m. a. um þinghald þetta: „Jafnframt skal þess getið, að ég fékk ekkert að vita eða heyra, hvað bókað kann að hafa verið, enda ekkert af því upp lesið fyrir mér“.

Fógetagerð þessari hefur eigi verið fram haldið með nægilegum hraða, sbr. 2. gr. laga nr. 29/1885, eins og henni var breytt með lögum nr. 83/1947.

Þá kemur eigi fram í fógetabók, að það, sem bókað var í þinghaldi þessu, hafi verið lesið upp fyrir þeim, sem sótti þing af hálfu áfrýjanda, en það skal gera samkvæmt 7. gr. laga nr. 29/1885, sbr. 4. mgr. 42. gr. laga nr. 19/1887. Þar sem fógeti gætti þannig eigi lagareglna við framkvæmd hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar, ber að ógilda hana.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði áfrýjanda, Söfnunarsjóði Íslands, kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.
